

Rangárþing eystra
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 16. mars 2020
UST202003-005/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi - Rangárþing eystra 2012 - 2024 – Nýtt deiliskipulag fyrir Útskák

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 2. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024 og nýju deiliskipulagi fyrir Útskák.

Í greinargerð kemur fram að í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður um 2 ha af landbúnaðarlandi breytt í íbúðarsvæði og þar verður gert ráð fyrir allt að fimm lóðum fyrir íbúðarhús þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús og bílskúr og heildarstærð allt að 200 m² .

Þá verður um 2,4 ha af landbúnaðarlandi breytt í frístundasvæði og þar verður gert ráð fyrir allt að fimm lóðum fyrir frístundahús þar sem heimilt verður að reist eitt allt að 200 m² hús á lóð.

Íbúðarbyggð

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“


Frístundabyggð

Í Landskipulagsstefnu segir að „við endurskoðun aðalskipulags er tilefni til þess að fara vandlega yfir hvað raunhæft og æskilegt er að gera ráð fyrir víðfeðmum vaxtarsvæðum fyrir frístundabyggð.“ Í sveitarfélaginu eru óbyggð frístundasvæði og það er mat Umhverfisstofnunar að uppbygging haldi áfram á þeim svæðum sem eru þegar skilgreind

sem frístundasvæði, en komist verði hjá því að skilgreina ný frístundasvæði á óröskuðum svæðum.

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson
sérfræðingur


Björn Stefánsson
sérfræðingur